

**Skýrsla stjórnar
Orkuveitu Húsavíkur ehf. 2008**



Aðalfundur 27. apríl 2009

Skýrsla stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2008

Almennt

Aðalfundur Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2008 var haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings þann 27. apríl 2009. Í stjórn félagsins voru Bergur Elías Ágústsson, sem gegndi formennsku, Aðalsteinn Á. Baldursson og Sigurjón Benediktsson. Varamenn í stjórn voru Jón Grímsson og Þráinn G. Gunnarsson. Stjórn félagsins hélt 13 fundi á árinu auk aðalfundar. Einnig voru vinnufundir framkvæmdastjóra og stjórnarformanns.

Orkuveita Húsavíkur ehf. er hluthafi í nokkrum fyrirtækjum og aðili að ýmsum samtökum, s.s. Þeistareykjum ehf., Hrafnabjörgum hf, Íslenskri Orku hf., Samorku og Netorku hf.

Á síðasta starfsári voru 7 starfsmenn í fullu starfi á fyrri hluta árs en 6 starfsmenn á síðari hluta ársins. Framkvæmdastjóraskipti urðu á árinu er Guðrún Erla Jónsdóttir tók við af Hreini Hjartarsyni.

Sveitarfélagið Norðurþing á 100% hlut í Orkuveitu Húsavíkur ehf.


Starfsemi félagsins var með óhefðbundnu sniði á starfsárinu en engin raforkuframleiðsla var í Orkustöð fyrirtækisins í Hrísmóum frá lokum janúar sökum bilunar í stöðinni.

Efnahagshrun og kreppa á landinu hafði einnig áhrif á starfsemi félagsins. Öllum framkvæmdum á áætlun var slegið á frest en viðhaldi og útköllum vegna bilanna sinnt. Þær fjárfestingar sem Orkuveita Húsavíkur hefur tekið þátt í á liðnu ári, lúta allar að félaginu Þeistareykjum ehf., sem Orkuveitan á 31,97% hluti í, en aðrir eigendur Þeistareykja ehf., eru Norðurorka, Landsvirkjun og sveitarfélagið Þingeyjarsveit.

Hitaveita

Sala á heitu vatni jókst á milli árána 2007 og 2008 um 12,5 % í rúmmetrum talið, eins og sést á mynd 1. Sjálfsagt má rekja aukninguna til kaldari tíðar fremur en stækkandi byggðar eða aukinna umsvifa fyrirtækja. Salan nam 121,5 mkr. á árinu 2008 en á árinu 2007 var hún 102 mkr.

Heitavatnssala á Húsavík 2001-2008



Mynd 1: Heitavatnssala á Húsavík árin 2001 til 2008, mæld í m³

Rekstur heitavatnskerfa var með ágætum á árinu. Nokkrar minni bilanir gerðu vart við sig og var gert við eftir því sem þær komu upp.


Á árinu voru gerðar prófanir og mælingar á vatni í borholu í Kelduhverfi. Það virðist svo að ekki sé auðleyst að hanna hitaveitu á svæðinu vegna útfellingar í holunni, en enn er unnið að prófunum.

Á seinni hluta ársins tærðist í sundur keðja sem hélt uppi dælu í holu á Höfða. Við það féll dælan ofan í holuna. Dælan náðist ekki upp úr holunni fyrir árslok og því var engu vatni dælt í Ostakarið svonefnda, sem notað hefur verið til heilsubaða á Höfðanum.

Vatnsveitukerfi

Rekstur vatnsveitu gekk ágætlega á árinu. Bilanir voru ekki tíðari eða stærri en undanfarin ár. Viðhaldi og viðgerðum var sinnt eftir því sem þurfti.

Vatnssala um mæli fór enn lækkandi og var samdráttur í sölu vatns miðað við selda m^3 21 % á milli árána 2007 og 2008, eins og sjá má á mynd 2.



Mynd 2: Kaldavatnssala eftir mæli á Húsavík árin 2001 til 2008, mæld í m^3

Kaldavatnssala um mæli hefur minnkað úr rúmum 6,2 mkr. árið 2007 í 5,2 mkr. á árinu 2008. Ástæður þessa má rekja til þess að mælum fækkaði á árunum 2007 og 2008 auk þess sem minni umsvif í fiskvinnslu hafa haft áhrif.

Tekjur vatnsveitu af vatnsgjaldi hafa aftur á móti aukist með hækkandi fasteignamati og eru sölutekjur vatnsveitu samtals um 44,3 m.kr á árinu 2008 samanborið við 41 m.kr. á árinu 2007.

Rafveitukerfi


Raforkusala árið 2007 var 44,8 m.kr. og 43,4 m.kr. á árinu 2008. Tekjur vegna raforkudreifingar 2008 voru 68,1 m.kr. og þar af voru 13,2 vegna flutnings. Á árinu 2007 voru tekjurnar 63,9 milljónir, þar af vegna flutnings 11,2 m.kr. Tekjur vegna varaafls numu 0,5 m.kr. árið 2008.

Raforkudreifing hefur verið nokkuð stöðug síðustu ár. Þó fækkaði dreifðum kW-stundum um 1,6% milli ára 2007 og 2008 (sjá mynd 3).

Stærsta verkefni Orkuveitunnar á árinu var að leggja af spennistöð á Höfðavegi. Stefnt er að því að ljúka verkinu og rífa spennistöðina um mitt ár 2009.

Rekstur raforkukerfa gekk ágætlega á árinu. Bilanir voru ekki tíðar, nokkrar smávægilegar bilanir í kerfum sem gert var við þegar upp komu.

Straumleysi var á Húsavík þann 20. ágúst í frá kl. 0:00 til 05:00 vegna viðgerðar Landsnets á Húsavíkurlínu. Straumlaust var á svæðinu þegar bilun varð á sömu línu þann 31. október. Toppeinangrari bilaði sem varð til þess að leiðarar lágu saman. Tók um 4 klst. að finna og gera við bilunina. Ekkert varaafli er til staðar fyrir Húsavíkurbæ utan varaafsvélar sem staðsett er við dreifistöð við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og sér Heilbrigðisstofnun, embætti sýslumanns (almannavarnir) og símstöð fyrir raforku. Ljóst þykir að íbúar á dreifiveitusvæði Orkuveitu Húsavíkur ehf. hafa orðið fyrir truflunum á árinu vegna Húsavíkurlínu, sem komin er til ára sinna. Forsvarsmenn Orkuveitunnar hafa farið yfir málið með forsvarsmönnum Landsnets.




Mynd 3: Raforkudreifing á Húsavík árin 2001 til 2008, mæld í kWh

Orkustöð

Þann 22. janúar brotnaði hverfilhjól í Orkustöð með þeim afleiðingum að raforkuvinnsla stöðvaðist. Raforkuframleiðsla lá niðri það sem eftir lifði ársins. Lán fékkst á árinu til viðgerðar á stöðinni og fjárfest var í varahlutum fyrir túrbínu. Hrun íslensku bankanna og gengisfelling krónunnar setti strik í reikninginn og ljóst að viðgerð stöðvarinnar varð við það um tvöfalt dýrari en ráð var gert fyrir.

Á mynd 4 má sjá hversu margar kW - stundir Orkustöðin framleiddi til þess dags sem bilun varð.

Raforkuframleiðsla í Orkustöð 2001-2008



Mynd 4: Raforkuframleiðsla í Orkustöð árin 2001 til 2008, mæld í kWh

Ýmis verkefni

Gerður var samningur við innheimtufyrirtækið Intrum um mitt ár 2008. Markmiðið með samstarfi við Intrum er að halda kostnaði vegna innheimtu og vanskila í lágmarki og tryggja þannig hagkvæmni í rekstri. Unnið var í því út árið að innleiða og samþætta verkferla fyrirtækjanna sem tókst með ágætum. Viðskiptavinum Orkuveitunnar eru þakkir sýndar fyrir ábendingar og samvinnu í þessu ferli.

Skipt var um viðskiptabanka í júlí þegar Landsbanki Íslands tók við viðskiptum fyrirtækisins. Júlí- og ágúst mánuður fóru í að stilla af kerfi Orkuveitunnar í samræmi við breytingarnar og var allt komið í farveg í september.

Ársreikningurinn

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningi fyrir árið 2008. Rekstrartekjur ársins námu 291,5 m.kr. rekstrargjöld voru 204 m.kr., afskriftir 70 m.kr. og rekstrarhagnaður 17,7 m.kr. Að teknu tilliti til fjármagnsgjalda varð á árinu 702 m.kr. tap á rekstri félagsins fyrir skatta Mestu veldur 645 m.kr. gengistap af erlendum lánnum félagsins. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti varð hinsvegar 87,6 eða 30,0% af tekjum m.kr. samanborið við 115,7 m.kr. eða 41,7% af tekjum árið á undan.

Lokaorð

Það er ekki hægt að segja annað en að árið 2008 hafi verið einstakt, ekki bara í viðskiptasögu Íslands heldur heimsins allt þar sem hver stórviðburðurinn rak á eftir öðrum. Ljóst þykir að enn á talsvert vatn eftir að renna til sjávar áður en hægt er að vænta verulegs viðsnúnings til hins betra á erlendum sem og innlendum mörkuðum. Vandamál íslenskra stjórnvalda sem og fyrirtækja eru ærin þar sem áhrif efnahagskreppunnar eru auknar skuldir, lækkun rauntekna og mikil óvissa með fjármögnun.

Orkuveita Húsavíkur mun sem og önnur orkufyrirtæki landsins þurfa að fást við afleiðingar þessara vandamála á árinu 2009. Þar hafa stjórn og starfsmenn Orkuveitu Húsavíkur verk að vinna, en með samstilltu átaki allra mun félaginu takast að sigla í gegnum þessa umrótatíma.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka stjórn, starfsmönnum og eigenda félagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Virðingarfyllt

Bergur Elías Ágústsson
Stjórnarformaður

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.